



Ferjusiglingar og veitingarekstur í Viðey

Samkeppnisútboð á sérleyfi nr. 15331

Útboðslýsing

Kaupandi:

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Umsjónaraðili útboðs:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Efnisyfirlit

0.	Útboðsskilmálar	4
0.1	Almenn lýsing útboðs.....	4
0.1.1	Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar	4
0.1.2	Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs	5
0.1.3	Útboðsgögn	5
0.1.4	Áætlaður ferill útboðsins.....	5
0.2	Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti	6
0.3	Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun	7
0.4	Hæfi bjóðanda.....	7
0.4.1	Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda.....	7
0.4.2	Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu.....	7
0.4.3	Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu.....	8
0.5	Fylgigögn bjóðanda með tilboði.....	8
0.6	Gerð, framsetning og afhending tilboðs	10
0.6.1	Tilboð í hluta.....	10
0.6.1	Fyrirvarar	10
0.6.1	Frávikstilboð	10
0.6.1	Afturköllun tilboða	10
0.7	Opnun tilboða	11
0.8	Forsendur fyrir vali tilboðs.....	11
0.9	Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna	11
0.10	Samþykki tilboðs og samningur	11
1.	Samningsskilmálar	12
1.1	Verðlagsgrundvöllur.....	12
1.2	Greiðslur.....	12
1.2.1	Rafrænir reikningar	12
1.2.2	UNSPSC vöruflokkun	13
1.3	Samskipti á samningstíma.....	13
1.4	Afhending og afhendingarskilmálar	13
1.5	Févíti.....	13
1.6	Óviðráðanleg ytri atvik.....	14
1.7	Ábyrgð og tryggingar.....	14
1.8	Misræmi í gögnum	14
1.9	Framsal réttinda.....	14
1.10	Skuldskeyting - undirverktaka	14
1.11	Laun, starfskjör og keðjuábyrgð	15
1.12	Persónuvernd	15
1.13	Ábyrg innkaup	15
1.14	Vanefndir og uppsögn	15
1.15	Lög og reglugerðir	16
1.16	Ágreiningsmál	16
1.17	Gildistími samnings	16
1.18	Trúnaður	16
2.	Tæknilýsing	16
2.1	Lágmarkskröfur (A-kröfur)	16
2.2	Ábyrgð og umsjón	17
2.3	Báta- og tækjakostur	17
2.4	Siglingaráætlun og sérferðir Borgarsögusafns	17
2.5	Þjónustupættir	18

2.6	Verðskrá ferju- og veitingaþjónustu	19
2.7	Vistvænn rekstur	20
2.8	Tilboð	20
2.9	Sérstakar kvaðir	20
3.	Ítarupplýsingar	21
3.1	Tengiliðir á samningstíma	21
3.2	Lýsing á staðháttum	21
3.3	Byggingar í Viðey	22
3.3.1	Viðeyjarstofa	22
3.3.2	Aðrar byggingar í Viðey	22
3.4	Aðstaða og siglingaleiðir ferju	23
3.4.1	Farmiðasala í Sundahöfn – Bryggjuhús	23
3.5	Viðburðadagskrá í Viðey	24
3.6	Ýmsar tölulegar upplýsingar	24
4.	Trúnaðaryfirlýsing	26

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar f.h. Borgarsögusafns Reykjavíkur (BSS), óskar eftir tilboðum í ferjusiglingar til og frá Viðey og veitingareksturs í Viðey. Um að ræða samkeppnisútboð á sérleyfi í skilningi laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og sérleyfisreglugerð nr. 950/2017. Kaupandi telur virði samningsins vera undir viðmiðunarfjárhæðum sérleyfissamninga en áréttar frelsi til að auglýsa opinberlega ferli sem eru undir útboðsskyldu.

Markmið Reykjavíkurborgar er að Viðey verði betur þekkt sem áhugavert útivistarsvæði og einstakur vettvangur sögu, náttúru og menningar. Yfirlýst stefna er að Viðey sé áhugaverður og aðgengilegur áfangastaður sem laðar að borgarbúa og ferðamenn með sérstaka áherslu á fjölskyldufólk allt árið um kring.

Þessari lýsingu er ætlað að gera grein fyrir þörfum og kröfum sem Reykjavíkurborg gerir til starfseminnar. Ennfremur er þeim skilmálum lýst sem um tillögugerðina gilda og hvernig val á væntanlegum rekstraraðila fer fram.

Óskað er eftir útfærðum tillögum um ferjusamgöngur og veitingarekstur í Viðeyjarstofu og samþættingu þeirrar þjónustu.

Í samvinnu við Borgarsögusafn og Reykjavíkurborg mun rekstraraðili taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu er styður við ofangreind markmið.

Bjóðandi skal leggja fram tilboð ásamt tillögu að útfærslu verkefnisins með tilliti til þeirra lágmarkskrafna og óska sem settar eru fram í lýsingu þessari.

Samningurinn gildir í fimm ár frá undirritun samnings. Starfsemin skal fylgja þeim lögum og reglugerðum sem að henni lýtur.

Samið verður við einn rekstraraðila um báða þjónustubætti, siglingar og veitingarekstur.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- EES útboð: Nei.
- Vettvangsskoðun: 1. mars 2022 kl.13:00
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 14. mars 2022 kl.13:00
- Svarfrestur kaupanda: 17. mars 2022 kl.13:00
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 23. mars 2022 kl.13:00
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opnunardegi tilboða.

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími: 411-1040

Netfang Innkaupaskrifstofu: utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar: <http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu: <http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15331
- Tilboðsbók nr. 15331 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá og lágmarkskröfulistu.
- Fylgiskjal 1 – Búnaðarlisti í Viðeyjarstofu
- Fylgiskjal 2 – Yfirlitssamningur
- Fylgiskjal 3 – Gjaldskrá Borgarsögusafns árið 2021
- Fylgiskjal 4 – Gjaldskrá Borgarsögusafns árið 2022
- Viðaukar sem sendir eru út áður en tilboðsfrestur rennur út af Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, ef við á, í samræmi við kafla 0.2.

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15331.

0.1.4 Áætlaður ferill útboðsins**Þrep I - mat tilboða og hæfi bjóðenda**

Eftir að tilboðsfresti lýkur, samkvæmt kafla 0.1.1, verður lagt mat á hæfi bjóðenda út frá hæfiskröfum samkvæmt kafla 0.4 og undirköflum hans.

Kaupandi mun í framhaldinu leggja mat á hvort tilboð hæfra bjóðenda uppfylli lágmarkskröfur sem gerðar eru (A kröfur, sjá síðu 3 í Tilboðsbók og kafla 2) samkvæmt gögnum þessum. Ef tilboð bjóðanda uppfyllir ekki A kröfur getur kaupandi hafnað tilboði hans strax í upphafi ferils, sbr. hér Þrep I. Kaupandi áskilur sér þó rétt til þess að hefja samningsviðræður við bjóðanda, þrátt fyrir að tilboð hans uppfylli ekki allar A kröfur, sé það mat kaupanda að bjóðandi geti bætt úr þeim ágöllum með endurbættu tilboði samkvæmt Þrepi II - IV. Þá getur kaupandi hafið strax samningsviðræður við allt að þrjá bjóðendur sem uppfylla flestar A kröfur þrátt fyrir að e.t.v. eingöngu einn bjóðandi uppfylli allar A kröfurnar.

Kaupandi áskilur sér rétt til að taka afstöðu til höfnunar tilboðs eða frekari viðræðna hvenær sem er á áætluðum ferli útboðsins, sbr. þrep I – IV, að því gefnu að bjóðandi tilboðs uppfylli kröfur um hæfi.

Þá áskilur kaupandi sér rétt til að semja við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð, sbr. kafla 0.8., án frekari samningsviðræðna og mun þá ekki framkvæma þrep II-IV.

Þrep II - samningsviðræður

Verði þrep II framkvæmt mun kaupandi hefja samningsviðræður við þá bjóðendur sem eiga tilboð sem hefur ekki þegar verið hafnað af kaupanda samkvæmt þrepi I. Markmið þessara viðræðna er að gefa þeim bjóðendum tækifæri til að laga upphafleg tilboð sín betur að þörfum kaupanda.

Í samningsviðræðum í þrepi II er bjóðendum heimilt að leggja fram nýtt eða endurbætt tilboð („síðari tilboð“). Í viðræðunum mun kaupandi ræða öll tilboð bjóðenda sem komast áfram í þrep II, bæði upphaflegt tilboð og síðari tilboð. Bjóðendum er ekki skylt að gera ný tilboð í viðræðunum.

Ef tilboð uppfyllir ekki allar A kröfur kaupanda en kaupandi hefur engu að síður boðið bjóðanda tækifæri til að endurbæta tilboð sitt þannig að það uppfylli allar A kröfur skal bjóðandi sýna fram á það með endurbættu tilboði en að öðru kosti verður því hafnað.

Meðan á viðræðum stendur mun kaupandi tryggja að jafnræðis sé gætt á milli þátttakenda og að ekki séu veittar upplýsingar sem gera stöðu ákveðinna þátttakenda betri en annarra.

Á meðan á viðræðum stendur verða fundargerðir ekki gerðar opinberar. Ekki verður tekið við fyrirspurnum er varðar efni samningsins á meðan á samningsviðræðum stendur nema með skriflegum hætti í gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar en meðferð fyrirspurna fer samkvæmt kafla 0.2.

Kaupanda er óheimilt að upplýsa þátttakanda um lausnir eða aðrar trúnaðarupplýsingar sem annar þátttakandi hefur sett fram, án samþykkis viðkomandi þátttakanda.

Þrep III – skil á endurbættu tilboði

Bjóðendur leggja fram ný eða síðari tilboð á grundvelli samningsviðræðna í þrepi II.

Kaupandi áskilur sér rétt til að framkvæma aftur þrep II telji kaupandi mögulegt að aðlaga ný eða síðari tilboð bjóðenda enn betur að þörfum kaupanda.

Þegar kaupandi hefur metið það svo að endurbætt tilboð mæti þörfum kaupanda á sem bestan hátt samkvæmt þörfum og kröfum þessara útboðsgagna er samningsviðræðum lokið og þrep IV framkvæmt.

Þrep IV – mat á endanlegum tilboðum

Þegar kaupandi hefur metið svo að samningsviðræðum sé lokið og endanlegt tilboð borist frá bjóðendum mun kaupandi framkvæma endanlegt mat á þeim tilboðum sem komust í þrep II - III og velja samningsaðila í samræmi við forsendur fyrir vali tilboðs eins og því er lýst í kafla 0.9., enda uppfylli tilboðið kröfur, skilyrði og viðmiðanir sem fram koma í útboðsgögnum og telst ekki ógilt eða óaðgengilegt, sbr. 66. gr. OIL., þ.m.t. kröfur um hæfi bjóðanda samkvæmt kafla 0.4.

0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun

Þátttakendum er gefinn kostur á að kynna sér aðstæður í Viðey og afla frekari upplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Mæting er klukkan 13:00 við bryggju Viðeyjarferjunnar við Skarfabakka 1. mars 2022, þó með fyrirvara varðandi færð og veður til siglinga út í eyju. Hafi þátttakendur einhverjar spurningar í eða eftir vettvangsferðina skuli þær berast innkaupaskrifstofu skriflega gegnum útboðsvef Reykjavíkurborgar með hæfilegum fyrirvara en eigi síðar en samkvæmt tilgreindum fyrirspurnarfresti í kafla 0.1.1

0.4 Hæfi bjóðanda

0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

- Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá.
Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.
- Það fyrirtæki sem mun koma til með að sinna farþegaflutningum á sjó skal hafa öll tilskilin leyfi í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um farþegaflutninga með skipum.
- Bjóðandi skal hafa á sínum snærum skipstjóra með viðeigandi skipstjórnarréttindi sem mun koma til með að stýra skipum vegna þessa verkefnis.
 - ✓ Til staðfestingar á að krafan sé uppfyllt skal tilgreina skipstjóra ásamt afriti af skipstjóraréttindum og samstarfsyfirlýsingu sem staðfestir samstarfsvilja vegna þessa verkefnis ef viðkomandi er ekki starfsmaður bjóðanda.
- Bjóðandi skal hafa á sínum snærum menntaðan matreiðslumann eða matreiðslumeistara sem hefur yfirumsjón með veitingarekstri í Viðey.
 - ✓ Til staðfestingar á að krafan sé uppfyllt skal tilgreina matreiðslumann eða matreiðslumeistara ásamt afriti af prófskírteini og samstarfsyfirlýsingu sem staðfestir samstarfsvilja vegna þessa verkefnis ef viðkomandi er ekki starfsmaður bjóðanda.
- Bjóðendur skulu hafa öll tilskilin rekstrar- og starfsleyfi frá opinberum aðilum í gildi sem nauðsynlegt er, lögum og reglum samkvæmt, til að sinna verkefninu.

0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Skila skal með umsókn um þátttöku eftirfarandi upplýsingum:

- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá lífeyrissjóði/-sjóðum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.
- Síðastgerðum ársreikningi. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda.

Sé síðasti ársreikningur (eða árshlutauppgjör) ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða hann sýnir neikvæða eiginfjárstöðu er heimilt að leggja fram yfirlýsingu án fyrirvara um jákvæða eiginfjárstöðu frá löggiltum endurskoðanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu bjóðanda eigi fyrr en 30 dögum fyrir opnunardag umsókna um þátttöku og eigi síðar en degi fyrir opnun umsókna um þátttöku.

Staðfesting er sýnir fram á hæfi bjóðandi m.t.t. krafna varðandi lífeyrissjóðsiðgjöld og opinber gjöld skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun umsókna um þátttöku. Eiginfjárstaða umsækjanda skal vera jákvæð. Geti umsækjandi ekki sýnt fram á skil og jákvæða eiginfjárstöðu sbr. framangreint er óheimilt að gera við hann samning.

Sé Reykjavíkurborg kunnugt um að umsækjandi hafi verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti eða þátttöku í skipulögðum brotasamtökum er óheimilt að gera við hann samning. Mat á framangreindu miðast við opnunardag þátttökutilkynningar.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá samningum ef eitthvað af eftirfarandi á við:

1. Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
2. Óskað hefur verið gjaldþrotaskipta eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
3. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
4. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem Reykjavíkurborg er unnt að sýna fram á.
5. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Við mat á því hvort framangreind skilyrði 1 – 5 eigi við um fyrirtæki skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

Við mat á tæknilegu hæfi bjóðanda er heimilt að líta til reynslu og starfsleyfa allra bjóðenda sem standa sameiginlega að tilboði. Þannig geta bjóðendur uppfyllt tæknilegt hæfi sameiginlega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum sem varða verkefnið.

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá tilboðum bjóðenda sem hafa ekki staðið sig við framkvæmd fyrri og/eða yfirstandandi samninga við kaupanda/opinbera kaupendur. Við mat á því hvort framangreindri heimild verði beitt verður m.a. litið til upplýsinga og gagna kaupanda/opinberra kaupenda um erfið samskipti bjóðanda við kaupanda og/eða eftirlitsaðila á samningstíma, ítrekuð eða alvarlegt brot bjóðanda á ákvæðum samnings aðila við framkvæmd samnings, tafir o.fl.

0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af öllum tilskildum leyfum varðandi farþegaflutninga með skipum samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum ásamt skipstjórnarréttindum þeirra sem koma til með að stýra skipum vegna þessa verkefnis.



- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu samstarfsyfirlýsingu vegna samstarfs við skipstjóra ef viðkomandi er ekki starfsmaður bjóðanda.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu samstarfsyfirlýsingu vegna samstarfs við matreiðslumann eða matreiðslumeistara ef viðkomandi er ekki starfsmaður bjóðanda.
- ✓ Undirrituð yfirlýsing varðandi rekstrar- og starfsleyfi

B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu, sbr. kafla 0.4.2

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsigjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðastgerður ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu viðeigandi starfsleyfum og yfirlýsingu um reynslu á sviði farþegasiglinga og veitingareksturs.

D. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.11

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

E. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfylltur og undirritaður lágmarkskröfulist (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Upplýsingar um fyrirtækið og helstu stjórnendur þess
- ✓ Upplýsingar um boðna þjónustu, þ.e. lýsing á fyrirhugaðri starfsemi og rekstrarfyrirkomulagi
- ✓ Lýsing á báta og tækjakosti (skv. kafla 2.3)
- ✓ Siglingaráætlun og sérferðir Borgarsögusafns (skv. kafla 2.4)
- ✓ Lýsing á þjónustupáttum (skv. kafla 2.5)
- ✓ Verðskrá ferju- og veitingaþjónustu ásamt framboð á matseðli (skv. kafla 2.6)
- ✓ Trúnaðaryfirlýsing (skv. kafla 4)

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótask af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum. Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

Bjóðendur skulu skila tillögu sinni í formi greinargerðar þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar um útfærslu bjóðanda þannig að unnt verði að meta tilboðið með hliðsjón af þeim atriðum sem fram koma í kafla 2 um þarfir og kröfur. Greinargerðin skal vera á íslensku.

Lögð er áhersla á að greinargerð sé skýr og með augljósar tilvísanir í þau atriði sem fram koma í kafla 2 um þarfir og kröfur. Auk greinargerðar er bjóðanda heimilt að leggja fram viðbótar fylgiskjöl með nánari upplýsingum um frekari starfssemi, þjónustu, búnað og aðra þætti.

0.6.1 Tilboð í hluta

Útboði er ekki skipt upp í hluta.

0.6.1 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

0.6.1 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.6.1 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.7 Opnun tilboða

Opnun tilboða fer fram með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Tilboð verða opnuð eftir að tilgreindur skilafrestur tilboða rennur út. Þar sem um er að ræða samkeppnisútboð, munu upplýsingar um tilboð bjóðenda verða birt þegar ljóst er að frestur til að skila inn endanlegu tilboði er útrunninn. Fundargerð opunarfundar verður birt opinberlega á vef Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar eftir opnun endanlegra tilboða á vefslóðinni:

<https://reykjavik.is/opnun-tilboda-2022>.

Fundargerðin mun innihalda upplýsingar um nöfn bjóðenda, heildartilboðsfjárhæð af tilboðsblaði ásamt kostnaðaráætlun kaupanda.

0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð samkvæmt tilboðsbók.

Verðtilboð gildir 100% við mat tilboða.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða í því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.10 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður yfirlitssamningur undirritaður, sjá fylgiskjal 2.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „seljandi“ og/eða „þjórðandi“..

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Tilboðsverð vegna ferjusiglinga skal vera tengt vísitölu neysluverðs á ársgrundvelli.

Tilboðsverð vegna leigu á Viðeyjarstofu skal vera tengt vísitölu neysluverðs á ársgrundvelli.

Grunnur að vísitölu miðast við þann mánuð sem endanlegur tilboðsfrestur rennur út.

1.2 Greiðslur

Seljandi gefur út mánaðarlega reikninga vegna þjónustu og/eða verks til Reykjavíkurborgar, Borgarsögusafns. Kaupandi gefur út mánaðarlega reikninga vegna húsaleigu á Viðeyjarstofu.

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **530269-7609 (Reykjavíkurborg – Aðalsjóður)**
- Kostnaðarstaður: **03900**
- Verknúmer og/eða verkþáttur: **03900-03919**
- Númer samnings/útboðsnúmer: **15331**
- GLN kennitala: **5699112300297**
- UNSPSC númer: **78111706**
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Þjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opinn staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línnum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga. UNSPSC númer þessa verkefnis er **78111706**.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Afhending á þjónustu vegna Viðeyjar telst þegar að áætlunarsiglingar eru starfræktar og Viðeyjarstofa er opin á umsömdum tíma, þrífum er fylgt í Viðeyjarstofu og öðru húsnæði sem seljandi hefur afnot af í Viðey, sem og að öryggisviðbragð sé ávallt til staðar.

Seljandi ábyrgist að þjónusta og sérkvaðir séu samkvæmt forskrift útboðsgagna.

1.5 Fávíti

Dragist afhending umfram umsaminn skiladag af orsökum sem ekki verða raktar til kaupanda, þá getur kaupandi krafist seljanda um fávíti 0,2% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern byrjaðan almanaksdag sem afhending dregst umfram umsaminn skiladag. Þó skal hámark fávíta vera sem svarar 10% af heildarsamningsfjárhæð. Sé hámarki fávíta náð telst það veruleg vanefnd á samningi. Heimilt er að skuldajafna af heildarsamningsfjárhæð hafi greiðslur vegna fávítis ekki skilað sér.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna drátta á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópslysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningsskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfssemi.

1.8 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar

samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.14.

1.12 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Í útboðsgögnum þessum er ekki gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla persónuupplýsinga á vegum Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila í skilningi 7. tl. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 á samningstímanum. Komi upp síðar á gildistíma samnings að slík vinnsla persónuupplýsinga verði þörf skal engin vinnsla fara fram af hálfu vinnsluaðila fyrr en búið er að gera grein fyrir umfangi vinnslu persónuupplýsinga og heimildum til vinnslu þeirra samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga í vinnslusamningi samkvæmt 25 gr. laganna og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila lögum samkvæmt.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

1.13 Ábyrg innkaup

Sem hluti af ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar hafa verið settar fram stefnur í ýmsum málaflokkum. Kaupandi hefur tekið mið af stefnum Reykjavíkurborgar varðandi ábyrg innkaup í þessu útboði.

1.14 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita févíti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

1.15 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímann.

1.16 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.17 Gildistími samnings

Gildistími samnings er fimm ár frá því að samningur er kominn á en heimilt er að segja upp samningi með eins mánaða fyrirvara þrem mánuðum eftir að samningur er kominn á.

1.18 Trúnaður

Allir sem á einhvern hátt koma að þessu verkefni af hálfu Reykjavíkurborgar eru bundnir fullum trúnaði vegna þeirra upplýsinga sem þeir kunna að fá um verkefnið og tillögur þátttakenda. Eftirfarandi eru almennar leiðbeinandi reglur um samskipti fulltrúa Reykjavíkurborgar, tengiliðs BSS og þátttakenda.

- Ef tengiliður eða annar aðili úr matsnefndinni og þátttakandi hittast utan formlegra funda er þeim óheimilt að ræða verkefnið þar sem aðilar Reykjavíkurborgar eru bundnir þagnareið.
- Þegar samningsferlinu lýkur eru fulltrúar Reykjavíkurborgar ennþá bundnir þagnareið um tillögur og tilboð þátttakenda.

2. Tæknilýsing

2.1 Lágmarkskröfur (A-kröfur)

Lágmarkskröfur (A-kröfur) eru þær kröfur sem tilboð bjóðenda skal uppfylla.

Bjóðandi skal svara og færa inn í tilboðsskrá (sjá excel skjal, flípi 3 - Lágmarkskröfur) hvort boðin þjónusta uppfyllir lágmarkskröfur sem settar eru fram ásamt því að setja fram lýsingu á hvernig krafan er uppfyllt. Mat á því hvort bjóðandi uppfylli lágmarkskröfur er þó á hendi kaupanda, óháð útfyllingu bjóðanda í tilboðsskrá.

2.2 Ábyrgð og umsjón

Samið verður við einn aðila um ábyrgð og rekstur á siglingu og veitingum. Viðkomandi getur haft undirverktaka/samstarfsaðila á sínum snærum til að sinna öðrum rekstrinum. Gerð er krafa um að bjóðandi leggi fram gögn sem sýna fram á að hann hafi yfir að ráða og/eða sé í samstarfi við aðila er hafi tilskylda menntun, þekkingu og reynslu á:

1. Ferjusiglingum
2. Veitingarekstri

Skila þarf skuldbindandi yfirlýsingu allra hlutaðeigandi ásamt upplýsingum um menntun, þekkingu og reynslu þeirra.

Rekstraraðili skal vera á sólarhringsöryggisbakkavakt allt árið og með bát til taks frá Skarfabakka. Taka skal fram í greinargerð hvernig slíkri kröfu er mætt.

2.3 Bátá- og tækjakostur

Bátakostur skal geta haldið uppi tíðum og öruggum samgöngum til Viðeyjar, bæði til og frá Gömlu höfninni og Sundahöfn. Bátakostur skal hafa öll tilskilin leyfi til farþegaflutninga á samningstímanum. Flutningsgeta báta og þjónusta skal vera til þess fallin að flytja fjölda fólks til og frá Viðey þegar fjölmennir viðburðir eru í eyjunni. Umsækjandi verður að hafa að minnsta kosti tvo farþegabáta, sem taka að lágmarki 35 farþega hvor. Flutningsgeta bátakosts til Viðeyjar frá Sundahöfn skal ekki vera minni en 280 manns á klukkutíma.

Umsækjandi þarf að ráða yfir eða hafa aðgang að pramma með að lágmarki 5 tonna flutningsgetu til að sinna flutningi á tækjum og stærri varningi.

Óskað er eftir því að bátakostur sé útbúinn á þann hátt aðgengi í bátinn sé auðvelt fyrir aldraða og fatlaða. Bátakostur skal vera snyrtilegur og vel viðhaldið og taka mið af þeirri starfsemi sem rekin er í eyinni.

Upplýsingar um bátakost og áætlaða flutningsgetu skulu koma fram í tilboði.

Umsækjendur skulu kynna sér aðstöðu við bryggjur í Viðey, Sundahöfn og í Reykjavíkurborg – Gömlu höfninni, m.a. með tilliti til stærðar báta og leita upplýsinga hjá hafnaryfirvöldum um aðstöðuna.

Umsækjendur skulu leita upplýsinga um hafnargjöld hjá hafnaryfirvöldum (Faxaflóahafnir sf.) vegna legu ferju við Reykjavíkurborg/Gömlu höfnina og í Sundahöfn. Reykjavíkurborg greiðir gjöld vegna hafnarmannvirkja í Viðey og á Skarfabakka.

Umsækjandi þarf að koma sér upp farartæki í Viðey í tengslum við rekstur í Viðeyjarstofu til flutninga á vörum og vistum í eyinni. Farartæki hefur verið nýtt í eyinni til flutninga frá bryggju til Viðeyjarstofu og í Naustið. Annar akstur rekstraraðila en til flutninga á milli bryggju og húsa í eyjunni er ekki heimilaður nema með sérstöku samþykki frá tengiliðum Borgarsögusafns. Aðgát skal höfð við akstur í eyjunni vegna fuglalífs.

2.4 Siglingaráætlun og sérferðir Borgarsögusafns

Gerð er krafa um að rekstraraðili sinni daglegum áætlunarsiglingum til Viðeyjar í að lágmarki fjóra mánuði ár hvert, á tímabilinu maí til september. Skal lágmarks siglingatíðni dag hvern vera:

Sundahöfn – Viðey: 10:15 - 11:15 12:15 - 13:15 - 14:15 - 15:15 - 16:15 - 17:15

Viðey – Sundahöfn: 12:30 - 13:30 - 14:30 - 15:30 - 16:30 - 17:30 - 18:30

Gamla höfnin – Viðey: 11:50 – 14:50

Viðey – Gamla höfnin: 11:30 – 14:30 – 17:30

Lágmarks áætlunarsiglingar yfir vetrartímann, tímabilið október til apríl, eru þrjár ferðir á laugardegi og þrjár ferðir á sunnudegi á tímabilinu 13:15 – 16:30. Sé ófært til Viðeyjar vegna veðurs eða annarra ófyrirsjáanlegra orsaka er nauðsynlegt að tilkynna að ferðir falli niður á viðeigandi vefmiðlum Viðeyjar, sem og í miðasölu á Skarfabakka.

Rekstraraðili hefur einn sérleyfi til áætlunarsiglinga gegn gjaldi til og frá Viðey. Þrátt fyrir að rekstraraðilinn hafi einn umrætt sérleyfi, þá girðir það ekki fyrir að aðrir bátar sem selja skemmtisiglingar um sundin, hafi viðkomu í Viðey og hleypi farþegum í land til skemmri dvalar. Þó er í þeim tilvikum skilyrði að dvöl í Viðey sé ekki megintilgangur ferðarinnar.

Tendrun Friðarsúlunnar fer fram 9. október og er það fjölsóttur viðburður (um 1.500 manns) sem siglt er út í Viðey, fram og til baka. Kveikt er á Friðarsúlunni 9. október til 8. desember. Þá er kveikt á Friðarsúlunni aftur 21. desember – 31. desember, einnig 18 febrúar, sem og 20. – 27. mars. Óskað eftir tillögum um siglingar í tengslum við Friðarsúluna (Friðarsúluferðir) sem eru á tímabilinu 9. október – 8. desember, sem og tímabilið 21. – 31. desember og tímabilið 20. – 27. mars.

Ferjuáætlun er heimilt að endurskoða einu sinni á ári yfir samningstímann og skal það gert í samráði við BSS og í tengslum við gerð starfs- og fjárhagsáætlun á hverju hausti fyrir komandi ár.

Starfsmenn Borgarsögusafns, samstarfsaðilar BSS, s.s. námskeiðshaldarar, leiðsögufólk, verktakar og/ eða aðrir þeir aðilar á vegum Borgarsögusafns eða Reykjavíkurborgar, sem vinnu sinnar vegna eiga erindi í Viðey skulu fá frítt í áætlunarferðir. Þá eru börn og ungmenni á námskeiðum á vegum Borgarsögusafns undanskilin ferjutolli.

Rekstraraðila ferju er skylt að sinna sérferðum fyrir Borgarsögusafn allt árið utan áætlunarferða. Sé viðkomandi sérferð farin fram og til baka innan 2 klst., telst sú ferð sem ein sérferð. Ef Borgarsögusafn eða aðilar á þeirra vegum eða Reykjavíkurborgar geta ekki nýtt áætlunarferðir er rekstraraðila skylt að sinna sérferðum utan áætlunartíma. Borgarsögusafn hefur sett fram 600 sérferðir á samningstímanum skv. tilboðsskrá, eða sem nemur að meðaltali 120 sérferðum á ári. Greitt verður fyrir viðbótar sérferðir umfram þessar 600 ef til þess kemur, og skal fjárhæðin grundvallast á tilboðsverði í tilboðsskrá.

Áætlaðar eru 15 prammaferðir á samningstímanum sem settar eru til viðmiðunar inn í tilboðsskrá. Um er að ræða stakar prammaferðir, þ.e. flutninginn sjálfan, til eða frá Skarfabakka.

Ferja og áhöfn skal ávallt vera til taks sem hluti af viðbragðsáætlun fyrir Viðey eins og fram hefur komið í kafla 2.2 hér að framan.

2.5 Þjónustupættir

Undanfarin ár hefur áhersla verið lögð á að sú afþreying og þeir viðburðir sem boðið er upp á í Viðey taki mið af menningarverðmætum, sögu og list í eynni og laði að breiðan hóp einstaklinga, fjölskyldur, hópa og erlenda ferðamenn. Með þessu móti næst heildstæður bragur á viðburðadagatal Viðeyjar á vegum Borgarsögusafns og Reykjavíkurborgar sem dregur fram sérkenni hennar og sérstöðu allt árið um kring.

Rekstraraðili skal hafa öll tilskilin leyfi sem snúa að bátakosti skv. kafla 2.3, sem og öll tilskilin leyfi sem snúa að veitingarekstri. Gerð er krafa um að Viðeyjarstofa sé opin alla daga sem áætlunarsiglingar standa yfir. Þar skulu gestum standa til boða vandaðar veitingar á sanngjörnu verði sbr. kafla 2.6. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að umgengni, þrif, matur og þjónusta veitingaaðila í Viðey sé til fyrirmyndar. Rekstraraðili tekur að sér að sjá um góða umgengni innanhús og utan, ræstingar á Viðeyjarstofu og skal hann fjarlægja allt tilfallandi rusl sem af starfsemi hans hlýst. Einnig er rekstraraðila skylt að ganga frá, ræsta og fjarlægja rusl úr öðru húsnæði sem hann hefur haft til afnota fyrir hópa eða aðra gesti sína.

Viðeyjarnaust skal standa gestum opið til kl. 17:00 alla daga yfir sumarmánuðina. Rekstraraðila er heimilt að nota Viðeyjarnaust eftir þann tíma fyrir hópa og/eða veislur. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að umgengni og þríf eftir notkun á vegum hans sé til fyrirmyndar. Um notkun á öðrum byggingum í Viðey skal hafa samráð við Borgarsögusafn um nýtingu þeirra.

Starfsfólk rekstraraðila við siglingar skal vera auðkennt með merkingu og starfsfólk veitingaþjónustu skal klæðast viðeigandi einkennisklæðnaði við störf sín í Viðeyjarstofu.

Rekstraraðili sinnir ýmsum þáttum í samvinnu við Borgarsögusafn sem snýr að þjónustu, viðburðum og kynningarmálum.

Rekstraraðili skal skila tölulegum gögnum til Borgarsögusafns, í því felst sundurliðun á farþegatölum eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar. Einnig skal fylgja með í tölulegum gögnum yfirlit yfir fjölda sérferða og prammaferða fyrir Reykjavíkurborg.

Rekstraraðili skal þjónusta siglingar fyrir sumarnámskeið barna og ungmenna á vegum Borgarsögusafns yfir sumartímann og þjónusta sérferðir sem kunna að lenda utan siglingaáætlunar fyrir kennara og börn.

Rekstraraðili aðlagar áætlun siglinga og opnunartíma Viðeyjarstofu í samráði við Borgarsögusafn í tengslum við viðburði, stærri sem smærri, sem haldnir eru á vegum safnsins, sjá nánar kafla 3.5 viðburðadagskrá í Viðey.

Gestir skulu geta leitað til eins aðila með bæði veitingar í eyjunni og ferjutoll í gegnum vefsíðu, tölvupóst og síma. Rekstraraðili skal kynna rekstur sinn í Viðey fyrir borgarbúum og ferðaþjónustuaðilum með þeim hætti að það laði að sem flesta gesti og styðji við þau markmið sem gilda um starfsemi í Viðey s.s. áherslur á heilsársferðamennsku og fjölskylduvæna aðstöðu.

Á hverju ári kynnir Borgarsögusafn starfsemi sína og viðburði í Viðey og skal rekstraraðili vera til samstarfs og taka þátt í þeirri kynningu, starfsemi sinni til framdráttar.

Óskað er eftir að bjóðandi geri grein fyrir eftirfarandi:

- Áætlun um skil á tölulegum gögnum, þ.e. sundurliðaðar farþegatölur, yfirlit yfir fjölda sérferða og prammaferða.
- Kynning á tillögum um sveigjanleika í siglingum og veitingaþjónustu í tengslum við viðburði Borgarsögusafns utan áætlunartíma.

2.6 Verðskrá ferju- og veitingaþjónustu

Ferjugjald skal vera samkvæmt eftirfarandi aldursflokkun (báðar leiðir í og úr Viðey):

- Fullorðnir 18 til 66 ára.
- Börn 7 til 17 ára í fylgd með fullorðnum.
- Ókeypis fyrir börn 6 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.
- Afsláttarkjör svo sem fyrir hópa, eldri borgara 67 ára og eldri og öryrkja.

Ferjugjöld skulu taka mið af verðskrá ársins 2021, sjá fylgiskjal 3 – Gjaldskrá Borgarsögusafns. Gjaldskrá ferju skal endurskoðuð í samráði við Borgarsögusafn, samhliða ferjuáætlun fyrir lok hvers árs, og í tengslum við gerð gjaldskrár Borgarsögusafns í starfs- og fjárhagsáætlun fyrir komandi ár.

Ferjugjald skal ekki vera hærra en aðgangseyrir fyrir fullorðna á Borgarsögusafni skv. gjaldskrá ársins 2022, sjá fylgiskjal 4.

Verðskrá á matseðli veitingareksturs í Viðeyjarstofu á opnunartíma skal vera sanngjörn og samkeppnishæf við kaffihús og veitingastaði í Reykjavík. Óskað er eftir útlistun um framboð á matseðli og verðskrá rekstraraðila yfir veitingar.

2.7 Vistvænn rekstur

Allur kostnaður við sorplosun skiptist í tvennt milli Borgarsögusafns sem greiðir 1/3 hluta kostnaðar og svo rekstraraðila siglinga og veitingaþjónustu sem greiðir 2/3 hluta kostnaðar. Til kostnaðar heyrir flutningur, hýfingar, flokkun, losun og förgun.

Markvisst er stefnt að því að efla vistvænan rekstur í Viðey. Óskað er eftir að umsækjendur kynni sér umhverfisstefnu og markmið Reykjavíkurborgar um minnkun neyslu og úrgangs, sem finna má á heimasíðu Reykjavíkurborgar <https://graenaplanid.reykjavik.is/> og taki þátt í Græna planinu með Reykjavíkurborg.

2.8 Tilboð

Óskað er eftir tilboði í ofan- og neðangreinda þjónustu ásamt tilboði vegna reksturs í Viðeyjarstofu.

Tilboð í þessa hluta skal setja fram í tilboðsskrá í tilboðsbók og verða þau metin samkvæmt kafla 0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs.

2.9 Sérstakar kvaðir

Rekstraraðili skal hlíta fyrir mælum Reykjavíkurborgar varðandi umgengni um Viðey og fasteignir þar.

Eftirfarandi kvaðir fylgja fasteignum:

- Óheimilt er að reykja í öllum húsum í Viðey.
- Framkvæmdir og breytingar eru með öllu óheimilar í húsunum í Viðey. Í því felst að rekstraraðili er óheimilt að gera nokkrar breytingar á húsinu, þ.m.t. að mála, negla í vegg eða setja skilti í húsin eða utan á, án samráðs og samþykkis Reykjavíkurborgar.
- Húsin eru beintengd við stjórnstöð Öryggismiðstöðvarinnar vegna öryggisvöktunar með sérstakri símalínu og er rekstraraðili ábyrgur fyrir því að hún verði ekki rofin.
- Rekstraraðili ber ábyrgð á því að farnar séu eftirlitsferðir um húsin áður en þau eru yfirgefin, skv. gátlista sem Reykjavíkurborg leggur fram. Einnig að öryggiskerfi húsanna séu stillt á vörð og húsum læst þegar þau eru yfirgefin.
- Val á húsgögnum og skrautmunum sem rekstraraðili kann að vilja bæta við eru háð samþykki Reykjavíkurborgar.
- Í Viðeyjarstofu eru búnaður og tæki í eigu Reykjavíkurborgar sem veitingaraðili hefur aðgengi og afnot af. Við upphaf samnings skulu fulltrúar Borgarsögusafns og rekstraraðili fara yfir búnað sem fylgja Viðeyjarstofu og uppfæra listann, sjá fylgiskjal 1. Rekstraraðili skal greiða fyrir afföll sem verða á búnaði hússins við lok samningstíma, þó að teknu fullu tilliti til ástands búnaðar við upphaf samnings og skulu eðlileg afföll miðað við heimilaða notkun ekki greidd. Rekstraraðili er ábyrgur fyrir minniháttar viðhaldi véla og tækja og annarra áhalda á staðnum sem hlýst af eðlilegu sliti vegna notkunar. Einnig ber hann ábyrgð og kostar þrif í eldhúsi, hreinsun á eldhúsháf og útsöglögnum sem stafar af notkun. Borgarsögusafn sér um viðhald

og endurnýjun á eigin búnaði samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi og meiriháttar viðgerðir. Rekstraraðila er óheimilt að stofna til fjáruútláta vegna meiriháttar viðgerða eða viðhalds nema með samþykki safnstjóra og/eða deildarstjóra rekstrar og þjónustu Borgarsögusafns Reykjavíkur.

- Rekstraraðili tekur að sér að sjá um góða umgengni innan húss og utan og skal hann fjarlægja allt tilfallandi rusl sem af starfsemi hans hlýst.

Aðrar kvaðir sem fylgja rekstri siglinga og veitingarekstri í Viðey:

- Rekstraraðili skal sjá til þess að leið frá bryggju til Viðeyjarstofu sé greiðfær þegar gestir hans eru í eyinni, þ.m.t. skal hann annast snjómokstur og eyða hálku. Til verksins er möguleiki á að nýta dráttarvél í eigu Reykjavíkurborgar.
- Rekstraraðili ábyrgist að allir gestir á hans vegum yfirgefi eyjuna eigi síðar en kl. 01.00. Hægt er óska eftir framlengingu á þessari tímasetningu við verkefnastjóra Viðeyjar og/eða skrifstofu Borgarsögusafns Reykjavíkur í sérstökum undantekningartilvikum.
- Rekstraraðili er á sólarhrings bakvakt allt árið og með bát til taks á Skarfabakka til að sinna útköllum í Viðey sökum innbrota, bruna eða slysa á fólki.
- Staðfesti rekstraraðili að hann geti ekki útvegað bát fyrir stóra hópa sem óskir kunna að verða gerðar um, er Reykjavíkurborg heimilt að fela öðrum aðila að flytja farþega til Viðeyjar án milligöngu rekstraraðila.

3. Ítarupplýsingar

3.1 Tengiliðir á samningstíma

Tengiliðir BSS eftir að samningur kemst á verða verkefnastjóri Sjóminjasafns og Viðeyjar, Guðmundur D. Hermannsson, netfang: gudmundur.david.hermannsson@reykjavik.is, Guðbrandur Benediktsson safnstjóri, gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is og Vala Magnúsdóttir deildarstjóri rekstrar og þjónustu, vala.magnusdottir@reykjavik.is. Aðrir tengiliðir eru Ágústa Rós Árnadóttir viðburðastjóri, agusta.ros.arnadottir@reykjavik.is, Guðrún Helga Stefánsdóttir kynninga- og markaðsstjóri, gudrun.helga.stefansdottir@reykjavik.is, og Hróðný Kristínar Kristjánsdóttir verkefnastjóri fræðslu, hrodny.kristinar.kristjansdottir@reykjavik.is.

3.2 Lýsing á staðhættum

Viðey er 1,6 km² eyja á Kollafirði og er að mestu í eigu Reykjavíkurborgar. Eyjan er merkur sögustaður sem fornleifar bera vitni um og þar eru byggingar frá 18. öld; Viðeyjarstofa sem er elsta hlaðna steinhús á Íslandi, reist 1753-1755 og Viðeyjarkirkja, reist 1774.

Eyjan er að mestu flatlend og afar gróðursæl. Nokkuð er um slétt og ræktuð tún og að mestu er eyjan þýfð. Í eyinni verpa um 30 fuglategundir og er hluti eyjarinnar friðað varpland fyrri part sumars. Sumstaðar við strendur Viðeyjar eru hættulegir klettir þar sem sýna ber varúð. Eyjan er á náttúruminjasrá.

Akvegur liggur endilangt eftir eyjunni og allar byggingar eru tengdar akveginum. Göngustígur liggur hringinn um eyjuna. Búið er að setja upp um fræðsluskilti um sögu, náttúru og list í Viðey.

Á vestureyjunni stendur listaverkið Áfangar eftir Richard Serra. IMAGINE PEACE TOWER eða Friðarsúlan eftir Yoko Ono stendur á milli Sjónarhóls og Viðeyjarnausts. Skammt frá Viðeyjarstofu og –kirkju eru barnaleiktæki. Norðan við Viðeyjarstofu, nánar tiltekið við hesthúsið, er útisvæði fyrir gesti með grillaðstöðu og útiborðum, sem og er þar leikvöllur.

Á austurenda Viðeyjar eru rústir frá tímum þorpsins sem þar stóð á fyrri helming síðustu aldar. Þar er gamall vatnstankur sem innréttaður hefur verið sem félagsheimili Viðeyingafélagsins. Félagið er áttahagafélag fólks sem bjó í Viðey og afkomenda þess og leigir félagið tankinn út á sumrin fyrir samkomur.

3.3 Byggingar í Viðey

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur umsjón með viðhaldi húsanna í Viðey og greiðir fasteignagjöld og önnur opinber gjöld. Borgarsögusafn Reykjavíkur og Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hafa gert með sér leigusamning um allar byggingar í Viðey. Rekstraraðili skal hlíta fyrirmælum tengiliða Borgarsögusafns Reykjavíkur sem og Framkvæmdasviðs varðandi umgengni um húsinn og umhverfi þeirra.

3.3.1 Viðeyjarstofa

Viðeyjarstofa, sem er elsta hlaðna steinhús á Íslandi, var reist 1753-1755 en Viðeyjarkirkja var reist 1774. Bæði húsinn eru friðuð skv. ákvæðum laga um menningarminjar nr.20/2012. Reykjavíkurborg lét endurgera Viðeyjarstofu á árunum 1986-1988 og hefur síðan verið rekið veitingahús í stofunni og ýmis menningarstarfsemi í eyinni. Húsið er friðað eins og áður er nefnt og skal allur rekstur í því taka tillit til þess að um einstakt hús er að ræða.

Frá árinu 1988 hefur Viðeyjarstofa verið leigð út fyrir veitingahús og hefur leigutaki annast alla starfsemi sem hefur farið fram þar. Viðeyjarstofa er um 650 m². Veitingasalir fyrir allt að 210 manns eru á tveimur hæðum:

Neðri hæð: 5 veitingastofur fyrir samtals 75 manns. Efri hæð: veitingasalur fyrir 135 manns.

Þjónusturými í kjallara.

3.3.2 Aðrar byggingar í Viðey

Hafi þjóðandi hugmyndir að nýtingu neðangreindra húsa sem samrýmast stefnu Reykjavíkurborgar um eflingu Viðeyjar sem fjölskylduvæns valkosti, skal þess getið í tilboði, eins og fram kemur í kafla 3.7.

Viðeyjarkirkja Var vígð 1774 og er næst elsta kirkja landsins og með elstu kirkjuinnréttingu á Íslandi. Hún var endurgerð um svipað leyti og Viðeyjarstofa. Kirkjan er vinsæl til einkaathafna svo sem brúðkaupa. Einnig eru haldnar þar messur og helgistundir yfir sumarmánuðina. Kirkjan rúmar um 70 manns í sæti.

Viðeyjarnaust Er glerhús án kyndingar sem nýtt hefur verið sem grillskáli á sumrin. Húsið er á einni hæð, alls um 117 m² og skiptist í einn sal sem rúmar um 100 manns í sæti, tvö salerni og eldhúskrókur (engin tæki). Rafmagn og heitt og kalt vatn er í húsinu. Meðfram húsinu eftir báðum stutthliðum og annarri langhlið er tréþallur. Lítil geymsluskúr er við húsið og stórt hlaðið fjórskipt kolagrill og nokkur útiborð með bekkjum. Við húsið er aðgengileg fjara og slétt tún en hafa ber í huga að nærri húsinu eru varasamir klettir.

Viðeyjarnaust hefur staðið opið á áætlunartíma ferju yfir sumarmánuðina, til afnota fyrir gesti Viðeyjar. Skólahópar eiga þar gjarnan athvarf. Starfsmenn Reykjavíkurborgar sjá um að skila Naustinu snyrtilegu til rekstraraðila eftir heimsókn skólahópa. Á veturna er Viðeyjarnaust lokað.

Viðeyjarskóli Var byggður 1928 eftir teikningu eftir Einar Erlendsson arkitekt sem skólahús fyrir íbúa þorpsins sem þá stóð í Viðey. Húsið, sem er á einni hæð, var aðal samkomuhús þorpsins og þar voru haldnar messur og dansleikir. Skólinn er um 148 m² og skiptist í tvo c.a. 50 m² sali, auk eldhúss (án tækja), tveggja salerna og forstofu. Ný sýning var opnuð í skólanum 2021 og innbú endurnýjað. Viðeyjarskóli er aðalaðsetur sumarnámskeiðsins VIÐEY FRIÐEY. Rafmagn, heitt og kalt vatn er í skólanum.

Starfsmannahús Stendur skammt frá Viðeyjarstofu og var áður íbúð ráðsmanna og aðstaða staðarhaldara. Húsið er um 137 m² og skiptist í tvær álíka stórar fullbúnar íbúðir. Núna nýtist húsið fyrst og fremst sem aðstaða verkefnisstjóra og annarra starfsmanna Viðeyjar yfir sumartímann.

Skemma, Hesthús og útsalerni eru skammt aftan við Viðeyjarstofu. Skemman er notuð sem geymsla fyrir traktor, bíl og ýmis verkfæri og tæki. Skemman er um 96 m² að stærð og í henni er rafmagn og heitt og kalt vatn. Hesthúsið er einn salur um 32 m² og nýtist sem aðstaða fyrir gesti Viðeyjar. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Fyrir utan hesthúsið er kolagrillsaðstaða og bekkir. Þrjú salerni eru á milli skemmu og hesthúss.

3.4 Aðstaða og siglingaleiðir ferju

Siglingin á milli Sundahafnar og Viðeyjar er um 0,4 sjómíllur eða 0,8 km og má gera ráð fyrir að siglingartími sé 5 – 7 mín en fer eftir siglingahraða bátsins. Þessi siglingaleið er jafnan greiðfær og lítið skerpjött. Þó getur hún verið varasöm í vestlægum áttum.

Siglingin á milli Gömlu hafnarinnar og Viðeyjar er um 2,9 sjómíllur eða 5,4 km. Gera má ráð fyrir siglingartími sé 20 – 25 mín en fer eftir hraða báts. Þessi leið er vandfarnari, bæði sökum verra sjólags og skerja svo sem Skarfaskers og Engeyjarriks.

Bryggjan í Sundahöfn er flotbryggja í Skarfavör við Skarfagarð. Þar er geymslupláss og var fyrir tvo báta. Er bryggjan varasöm í norðaustan átt, en jafnan er þar gott var í öðrum áttum.

Bryggjan í Viðey er tvískipt flotbryggja. Á einu horni hennar er upphækkaður pallur þar sem bátar geta lagt við og auðveldar fólki að fara frá og um borð. Upphækkunin er tæpur metri á hæð og dugir því lítið fyrir stærri skip. Þar geta lagt allt að þrír minni bátar í einu. Þarna er ekki gott var og sérstaklega er bryggjan berskjölduð gagnvart vestlægum áttum. Þá getur verið vandasamt að leggja að bryggju.

Rekstraraðili hefur einn sérleyfi til áætlunarsiglinga gegn gjaldi til og frá Viðey. Þrátt fyrir að rekstraraðilinn hafi einn umrætt sérleyfi, þá girðir það ekki fyrir að aðrir bátar sem selja skemmtisiglingar um sundin, hafi viðkomu í Viðey og hleypi farþegum í land til skemmri dvalar. Þó er í þeim tilvikum skilyrði að dvöl í Viðey sé ekki megintilgangur ferðarinnar. Rekstraraðili skal þó ávallt hafa forgang að bryggju til að sinna flutningum til og frá Viðey. Í þeim tilfellum sem nauðsynlegt er að flytja margt fólk til Viðeyjar á skömmum tíma getur rekstraraðili í samráði við þjónustukaupa tímabundið bannað öðrum bátum að leggjast að bryggjunni og skal þá setja upp sérstakar merkingar við bryggjuna.

3.4.1 Farmiðasala í Sundahöfn – Bryggjuhús

Rekstraraðili ferju fær afnot af svokölluðu Bryggjuhúsi við Skarfabakka sem er í eigu Reykjavíkurborgar. Húsið er um 30 m² og þar er aðstaða fyrir farmiðasölu, biðherbergi, tvær snyrtingar og sameiginleg geymsla sem er til afnota fyrir rekstraraðila, Borgarsögusafn og skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs. Reykjavíkurborg sér um viðhald hússins og greiðir fasteignagjöld og önnur opinber gjöld.

Rekstraraðili sér um allan almennan rekstur hússins og greiðir gjöld fyrir vatn, ljós, hita, ræstingu og síma- og nettengingu.

Farmiðasala í Reykjavíkurborg:

Rekstraraðili ferju skal sjálfur koma upp aðstöðu við brottfararstað í gömlu höfninni fyrir farmiðasölu og þjónustu við farþega og skal hann hafa samráð við hafnaryfirvöld um það.

Umsækjendur skulu kynna sér aðstöðu við bryggjur í Viðey, Sundahöfn og í Reykjavíkurborg – Gömlu höfninni, m.a. með tilliti til stærðar báta og leita upplýsinga hjá hafnaryfirvöldum um aðstöðuna.

Bátarnir skulu standast kröfur Siglingastofnunar um farþegaflutninga og skal bjóðandi afla tilskilinna leyfa og vottunar eins og krafist er.

3.5 Viðburðadagskrá í Viðey

Umsjón með starfsemi í Viðey hefur Borgarsögusafn Reykjavíkur. Eftirfarandi er dæmi um viðburði á vegum safnsins sl. ár:

- Móttaka skóla- og leikskólahópa. Safnfræðsla Borgarsögusafns ásamt verkefnastjóra heldur utan um bókanir hópa í naust, hesthús og skólahús.
- Kvennahlaup ÍSí. Boðið er upp á tvær hlaupaleiðir, 3 og 7 km.
- Sumargöngur. Sérhæfðir leiðsögumenn stýra fjölbreyttum og fræðandi göngum: kúmenganga, fuglaganga, hjólaleiðsögn, söguganga.
- Sumarnámskeiðið Viðey-Friðey. Starfrækt er sumarnámskeið fyrir börn og ungmenni sem er samstarfsverkefni milli Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur á tímabilinu júní-ágúst.
- Sumarsólstöðuganga. Gengið um Viðey með leiðsögumönnum á sumarsólstöðum við félagið SUMARSÓLSTÖÐUGANGAN sem Þór Jakobsson fer fyrir. Söngur og brenna.
- Barnadagskrá á sunnudögum. Fjölbreytt dagskrá fyrir fjölskyldur.
- Sérstakar hópleiðsagnir. Leiðsögumenn frá Borgarsögusafni Reykjavíkur taka að sér hópleiðsagnir eftir pöntun.
- Kirkjuathafnir. Viðeyjarkirkja er notuð til ýmissa athafna allt árið um kring.
- Tendrun Friðarsúlunnar 9. október. Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs hefur umsjón með tendrun friðarsúlunnar á fæðingardegi John Lennons, í samvinnu við Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur.
- Jólادagskrá - Laufabrauð í Viðey.

3.6 Ýmsar tölulegar upplýsingar

Fjöldi farþega í Viðeyjarferju

Árið 2007 - 16.235
Árið 2008 - 19.168
Árið 2009 - 20.117
Árið 2010 - 22.572
Árið 2011 – 19.421
Árið 2012 – 22.295
Árið 2013 – 22.302
Árið 2014 – 23.203
Árið 2015 – 25.638
Árið 2016 – 27.562
Árið 2017 – 25.416
Árið 2018 - 22.873
Árið 2019 – 21.005
Árið 2020 – 7.529*
Árið 2021 (jan-nóv) – 9.933**

*Á árinu 2020 var heimsfaraldur Covid sem hafði veruleg áhrif á fjölda gesta.

** Á árinu 2021 var heimsfaraldur Covid sem hafði veruleg áhrif á fjölda gesta. Tölur yfir fjölda farþega í desember eru ekki komnar fyrir árið 2021.

Rafmagn og kynding. Rekstraraðili tekur ekki þátt í rafmagns- og kyndingarkostnaði Viðeyjarstofu. Heildarkostnaðurinn var kr. 5.861.661 árið 2020 og kr. 6.173.022 árið 2019.

Gjaldskrá ferju á árinu 2021**Fargjöld í áætlunarferðir 2021:**

0–6 ára	Frítt
7–17 ára	kr. 850.-
18 ára +	kr. 1.700.-
Eldri borgarar og öryrkjar	kr.1.550.-

Afslættir.

10% fyrir hópa +10 manns og ferðaskrifstofur fá fastan 10% afslátt.

10% fyrir námsmenn.

10% fyrir handhafa Menningarkorts Reykjavíkurborgar í áætlun og 15% fyrir veitingar í Viðeyjarstofu (á opnunartíma í tengslum við áætlun)

Sérferðir fyrir Reykjavíkurborg. Gert er ráð fyrir að Borgarsögusafn og Reykjavíkurborg nýti að meðaltali 120 sérferðir á ári. Reykjavíkurborg frjálst að nýta þær ferðir hvenær sem er og með hvaða hætti sem er, svo sem bæði fyrir starfsmenn sína, vinnuskólann, sérstaka gesti o.s.frv.

Ferðir með pramma. Gert er ráð fyrir að Borgarsögusafn og Reykjavíkurborg nýti 3 prammaferðir að meðaltali á ári frá Sundahöfn – Viðey – Sundahöfn.

Sorpflutningar. Allur kostnaður við sorplausn skiptist í 3 jafna hluti og skal rekstraraðili bera 2 þeirra en Borgarsögusafn einn. Til kostnaðarins heyrir flutningur, hífingar, flokkun, losun og förgun.

Búnaður í Viðeyjarstofu. Sjá fylgiskjal 1 en skoða má búnað í eigu Reykjavíkurborgar sem fylgir Viðeyjarstofu í skoðunarferð.

4. Trúnaðaryfirlýsing

Í tengslum við samningskaup um ferjusiglingar til og frá Viðey og rekstur veitingastaðar í Viðey, hefur undirrituðum aðila verið veittur eða kann að verða veittur aðgangur að trúnaðarupplýsingum sem varða verkefnið. Undirrituðum er ljóst að trúnaðarupplýsingarnar geta skipt miklu máli fyrir hagsmunum Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar og bjóðendur í verkefninu.

Undirritaður gerir sér grein fyrir því að afhending trúnaðarupplýsinga, í hvaða formi sem er, til hvers sem er, gæti valdið Menningar- og ferðamálasviði og þátttakendum í útboðinu miklu tjóni. Trúnaðarupplýsingarnar gætu m.a. varðað uppbyggingu starfsemi, tæknilegar útfærslur, útlitsleg atriði, kostnað og tilboðsupphæðir, tilhögun og skipulag framkvæmda, tímaáætlun svo og aðrar upplýsingar sem teljast vera sérstök eða almenn viðskiptaleyndarmál.

Í samræmi við ofangreint lýsir undirritaður yfir því sem hér fer að neðan. Yfirlýsingar undirritaðs eru óháðar því hvort einhver bjóðenda, eða sá bjóðandi sem trúnaðarupplýsingarnar stafa frá, fái samninginn;

1. undirritaður mun ekki afhenda, í hvaða formi sem er, trúnaðarupplýsingar, til aðila, einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar; og
2. undirritaður mun ekki nýta sér trúnaðarupplýsingarnar í viðskiptalegum tilgangi né öðrum tilgangi en þeim að framkvæma þau verk sem honum hafa verið falin í tengslum við verkefnið. Undirritaður samþykkir að takmarka aðgang að trúnaðarupplýsingunum við þá starfsmenn sína sem nauðsynlega þurfa aðgang að þeim vegna framkvæmdar verkefnisins.

Um yfirlýsingu þessa gilda íslensk lög. Allar deilur sem kunna að rísa vegna eða í tengslum við yfirlýsingu þessa skulu lagðar til úrlausnar fyrir héraðsdóm Reykjavíkur. Undirritaður lýsir því yfir að hann falli frá öllum hugsanlegum kröfum um að héraðsdómur Reykjavíkur sé ekki hagkvæmur úrlausnaraðili vegna slíkra deilna.

Dags.:

Undirritun:

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:
